

Stjórn Arion banka hf.  
b.t. Brynjólfs Bjarnasonar, stjórnarformanns  
Borgartúni 19, 105 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2020

### **Efni: Tillaga til meðferðar á framhaldsaðalfundi**

Með vísan til auglýsingar stjórnar félagsins um framhaldsaðalfund Arion banka hf. þann 14. maí nk. óskar Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi í féluginu, eftir því að stjórn félagsins setji eftirfarandi mál á dagskrá og til meðferðar fundarins:

#### **„Heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum“**

Tillaga: Lagt er til að málefnið verði sett á dagskrá og kosið verði á nýjan leik varðandi heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breytingu á samþykktum, sem fram fór sem 14. dagskráliður á aðalfundi félagsins.

#### **Greinargerð með tillögu**

Á aðalfundi Arion banka hf. þann 17. mars sl. var lögð fram eftirfarandi tillaga af hálfu stjórnar félagsins: „Stjórn félagsins er heimilt, fram til aðalfundar árið 2022, að gefa út áskriftarréttindi fyrir allt að 54.000.000 nýjum hlutum í féluginu. Stjórn er jafnframt í fimm ár, til 17. mars 2025, heimilt að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við nýtingu áskriftarréttindanna. Stjórn ákveður hverjir fái rétt til að taka þátt í útboði þessara réttinda. Hvorki hluthafar né aðrir skulu njóta forgangsréttar til áskriftarréttindanna né hluta sem gefnir eru út í tengslum við nýtingu þeirra. Stjórn ákveður endanlegt söluverð áskriftarréttindanna á grundvelli áskriftarsöfnunar í lokuðu útboði og nánari skilmála þeirra.“

Framangreind tillaga var tekin til meðferðar á fundinum og var kosið um hana með rafrænum hætti á fundinum. Niðurstöður kosningarinnar birtust hluthöfum á fundinum og fólu í sér að tillagan naut ekki nægjanlegs samþykkis (2/3) meðal hluthafa. Úrskurðaði fundarstjóri af þeim sökum að tillagan væri felld. Umfjöllun um aðra dagskráliði fór fram í kjölfarið og hluthafafundi lauk án þess að frekar væri vikið að þessum dagskrálið.

Á hinn bóginn upplýsti félagið um það, þegar tilkynnt var um niðurstöður fundarins í kauphöll síðar sama dag, að tillagan hefði verið samþykkt. Kemur eftirfarandi fram um þetta í fundargerð aðalfundarins:

„Við yfirferð á niðurstöðum atkvæðagreiðslu við lok fundarins kom í ljós að ekki höfðu öll atkvæði skilað sér inn í talningu einstakra dagskráliða. Mannleg mistök urðu til þess að þau atkvæði sem greidd höfðu verið í gegnum annað kerfi skiluðu sér ekki með fullnæggjandi hætti inn í kosningakerfið. Í tilfelli tillögu samkvæmt dagskrálið 14, þ.e. heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum, leiddu þessi mistök til þess að röng niðurstaða um atkvæðagreiðslu um tillöguna var birt á fundinum. Var því upphaflega fært til bókar að tillagan hefði verið felld. Hið rétta er að hún var samþykkt með rúmlega 80,8% greiddra atkvæða og var fundargerðin uppfærð til samræmis“.

Að mati Gildis hafði fundarstjóri tekið ákvörðun um dagskrárlíðinn á hluthafafundinum og úrskurðað að tillagan hefði verið felld. Hafði fundarstjóri þannig ekki heimild til þess að endurskoða þessa ákvörðun að fundi loknum þegar hluthafar höfðu vikið af fundi og hlutverki hans lokið, þrátt fyrir að mistök hafi komið fram varðandi talningu atkvæða. Slík mistök geta auðvitað átt sér stað, bæði við hefðbundna og rafræna talningu, en þá er eðlilegast að úr slíku sé leyst á vettvangi hluthafa.

Til þess að leysa úr framangreindum mistökum við talningu og þar sem úrskurðað hefur verið að tillagan hafi verið felld telur sjóðurinn rétt að tillagan verði borin undir hluthafafund á nýjan leik til atkvæðagreiðslu.

Í þessu samhengi telur sjóðurinn jafnframt rétt að stjórn upplýsi um eftifarandi atriði áður en gengið verði til atkvæðagreiðslu:


- Í ljósi atvika sem komið hafa fram eftir aðalfundinn er enn vilji til þess meðal stjórnar að óska heimildar af þessu tagi?
- Hverjir eru áætlaðir skilmálar áskriftarréttinda, s.s. varðandi gengi þeirra yfir tímabil réttindanna og tímalengd þeirra?
- Hvað er áætlað að miklum hluta heimildarinnar verði úthlutað til stjórnenda félagsins?

Rétt væri að mati Gildis að stjórn Arion banka setti fram viðmið og hámörk í þessum efnum til upplýsinga fyrir hluthafa, bæði varðandi úthlutun til forstjóra félagsins og einnig varðandi stjórnendur í heild.

Tillagan er lögð fram í því ljósi að ekki leiki vafi á niðurstöðum aðalfundar félagsins og að stjórn félagsins hafi skýrt umboð til frekari aðgerða er tengjast mögulegri útgáfu áskriftarréttinda.

Reykjavík 4. maí 2020

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs

  
\_\_\_\_\_  
Árni Guðmundsson